

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Breyting á deiliskipulagi Hvaleyrarholts suðaustur vegna Móabaráðs 32.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti skipulags- og byggingarfulltrúi Hafnarfjarðarkaupstaðar á fundi sínum þann 22. júlí 2009 breytingu á deiliskipulagi Hvaleyrarholts suðaustur, Móabaráð 32 í Hafnarfirði. Breytingin felst í því að lóðin er stækkuð, heimilt verður að gera tvö bílastæði suðvestan hússins og bílskúr í kjallara. Heimilt er að byggja svalir norðvestan hússins. Almennum bílastæðum fækkar um þrjú. Farið var með deiliskipulagsbreytinguna skv. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Breyting á deiliskipulagi Valla, 5. áfanga, vegna Eskivalla 21.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti skipulags- og byggingarfulltrúi Hafnarfjarðarkaupstaðar á fundi sínum þann 22. júlí 2009 breytingu á deiliskipulagi Valla 5, Eskivellir 21 í Hafnarfirði. Breytingin felst í því að innkeyrsla á lóð breytist lítillega, jafnframt breytist staðsetning sorpkassa. Farið var með deiliskipulagsbreytinguna skv. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

F.h. skipulags- og byggingarsviðs Hafnarfjarðarkaupstaðar, 11. ágúst 2009,

Málfríður Kristjánsdóttir arkitekt.

B-deild – Útgáfud.: 26. ágúst 2009